



Áfram til sóknar



Kæru íbúar Grundarfjarðar

Samstaða – listi fólksins býður nú fram í fjórða sinn en síðastliðin fjögur ár höfum við verið í meirihluta bæjarstjórnar með fjóra kjörna fulltrúa. Verkefni síðustu fjögurra ára hafa verið margvísleg, fyrst má nefna áframhaldandi aðhald í fjármálum sem hefur komið skuldahlutfalli Grundarfjarðarbæjar niður í 138,25%, en árið 2014 var hlutfallið 161,1%. Samhliða ábyrgri fjármálastjórnun var farið í nauðsynlegar framkvæmdir og önnur verkefni til hagsbóta fyrir íbúa. Má þar til dæmis nefna ýmsar malbikunarframkvæmdir, bættu aðstöðu við sundlaug ásamt uppsetningu vaðlaugar. Grundarfjörður var eitt af fyrstu sveitarfélögum til þess að taka ákvörðun um að veita nemendum á grunnskólastigi frí námsgögn. Þá var leikskóladeildin Eldhamrar sett upp í grunnskólanum fyrir fimm ára nemendur og komið var á fót Öldungaráði. Þetta eru einungis nokkur af þeim verkefnum sem farið hefur verið í á síðustu fjórum árum.

Við hjá Samstöðu viljum áfram vinna að bættu samfélagi fyrir alla íbúa Grundarfjarðar.

Ef Samstaða hlýtur kosningu til áframhaldandi meirihluta í bæjarstjórn munum við, eins og fyrir fjórum árum, auglýsa eftir og ráða bæjarstjóra Grundarfjarðar í samráði við alla bæjarfulltrúa.

Við hvetjum alla til þess að mæta á kjörstað og nýta kosningarétt sinn þann 26. maí nk.

Drodzy mieszkańcy Grundarfjörður

Solidarność-L Lista, oferuje się po raz czwarty do wyborów miejskich. Ostatnie cztery lata byliśmy w większości rad miejskich z czterema wybranymi przedstawicielami. Przede wszystkim kontynuowano zaciśnienie fiskalne, które zmniejszyło wskaźnik zadłużenia miasta Grundarfjörður do 138,25%, podczas gdy w 2014 r. wskaźnik ten wynosił 161,1%. Równoległe z odpowiedzialnymi zarządzaniami finansowymi, zostały w tym samym czasie również realizowane inne projekty z korzyścią dla ludności. Na przykład, naprawiono dużo ulic, również odnowiono basen i został dobudowany mały basen dla dzieci. Grundarfjörður był jedną z pierwszych gmin, które podjęły decyzję o udostępnieniu uczniom podstawowych materiałów do nauki za darmo. Ponadto utworzono wydział przedszkola o nazwie Eldhamara w Szkole Podstawowej dla pięcioletnich uczniów. Został stworzony projekt dla osób starszych. To tylko niektóre z projektów, które zostały podjęte w ciągu ostatnich czterech lat.

My w Solidarność-L Lista, będziemy nadal pracować nad poprawą społeczeństwa dla wszystkich mieszkańców Grundarfjörður.

Jeśli zostaniemy ponownie wybrani, jak cztery lata temu, to wspólnie z wszystkimi radnymi miasta Grundarfjörður wybierzemy burmistrza miasta

Zachęcamy wszystkich do wzięcia udziału w lokalu wyborczym i skorzystania z prawa do głosowania 26. maja.



1. sæti skipar Hinrik Konráðsson lögreglumaður og bæjarfulltrúi. Hinrik er giftur Sigríði G. Arnardóttur og eiga þau tvo syni.



2. sæti skipar Sævör Þorvarðardóttir fulltrúi á Kvíabryggju. Sævör er gift Einari Guðmundssyni og eiga þau fimm börn og eitt barnabarn.



3. sæti skipar Garðar Svansson fangavörður. Garðar er í sambúð með Marzenu Stefánsdóttur og eiga þau þrjú börn og fjögur barnabörn.



4. sæti skipar Berghildur Pálmadóttir fangavörður og bæjarfulltrúi. Berghildur er gift Kára Gunnarssyni og eiga þau tvö börn.



5. sæti skipar Vignir S. Maríasson vélamaður og bílstjóri. Vignir er giftur Páleyju Gestsdóttur og eiga þau þrjú börn og tvö barnabörn.



6. sæti skipar Signý Gunnarsdóttir athafnakona.



7. sæti skipar Sigurrós Sandra Bergvinsdóttir grunnskólakennari. Sigurrós er gift Þorsteini Hjaltasyni og eiga þau þrjú börn.



8. sæti skipar Loftur Árni Björgvinsson framhaldsskólakennari. Loftur er giftur Christiane Klee og eiga þau eina dóttur.



9. sæti skipar Ragnheiður Dröfn Benidíktsóttir forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar Eden og stuðningsfulltrúi við grunnskólann. Ragnheiður er í sambúð með Svavari Áslaugssyni og eiga þau fjögur börn.



10. sæti skipar Sigurborg Knarran Ólafsdóttir deildarstjóri á leikskólanum Sólvöllum. Sigurborg er í sambúð með Þorgrími Kolbeinssyni og eiga þau einn son.



11. sæti skipar Elsa Fanney Grétarsdóttir rekstraraðili Kaffi Emils og eigandi Gueasthouse María. Elsa er í sambúð með Markúsi Inga Karlssyni og eiga þau fjóra syni.



12. sæti skipar Helena María Jónsdóttir Stolzenwald afgreiðslumaður í Lyfju og starfsmaður á Þjónustustofunni. Helena er gift Smára Björgvinssyni og eiga þau fimm börn og sjö barnabörn.



13. sæti skipar Inga Gyða Bragadóttir húsmóðir. Inga Gyða er gift Konráð Hinrikssyni og eiga þau þrjú börn og þrjú barnabörn.



14. sæti skipar Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari Fjölbrautaskóla Snæfellinga og kennari.

Stjórnsýsla - *Administracja*

- ❖ Vönduð vinnubrögð - *Dobra jakość pracy*
- ❖ Opna stjórnsýslu frekar - *Otworzyć bardziej administrację*
- ❖ Aukin þátttaka íbúa - *Zwiększyć udział mieszkańców*

LEIÐIR - *SPOSOBY*

- ✓ Opið bókhald á heimasíðu bæjarins
Otwarta księgowość na stronie Grundarfjardur
- ✓ Minnispunktur bæjarstjóra birtir mánaðarlega
Notatki burmistrza będą pojawiać się raz w miesiącu
- ✓ Fundargerðir allra nefnda ítarlegri
Wszystkie zebrania będą bardziej szczegółowe
- ✓ Íbúafundir haldnir í upphafi hvers árs
Na początku każdego roku będą odbywać się zebrania mieszkańców


Fjárhagur – *Finanse*

- ❖ Gagnsæi - *Przejrzystość*
- ❖ Ábyrgð - *Gwarancja*
- ❖ Raunsæi – *Realizm*



LEIÐIR - *SPOSOBY*

- ✓ Áframhaldandi ábyrg fjármálastjórnun
Kontynuacja odpowiedzialności zarządzaniami finansowymi
- ✓ Halda áfram að lækka skuldahlutfall bæjarins
Kontynuacja zmniejszenia zadłużenia miejskiego
- ✓ Vönduð áætlana- og framkvæmdagerð
Realizacja planów i rozbudowy



Atvinna - Praca

- ❖ Verja atvinnu - *Ochrona pracy*
- ❖ Hlúa að nýsköpun - *Zachęcać do innowacji*
- ❖ Ástunda fagmennsku - *Dążenie do profesjonalizmu*

LEIÐIR - SPOSOBY

- ✓ Halda áfram að standa vörð um opinber störf og þjónustu
Kontynuowanie i ochrona publicznych miejsc pracy i usług
- ✓ Marka nýja stefnu í ferðaðþjónustunni
Stworzenie nowej polityki w branży turystycznej
- ✓ Faglegar ráðningar
Profesjonalne zatrudnienia
- ✓ Hvetja frumkvöðla til dáða
Motywacja społeczeństwa do innowacji

Samfélag - Społeczność

- ❖ Velferð - *Dobrobyt*
- ❖ Mannleg gildi - *Wartość ludzka*
- ❖ Samheldni - *Spojność*



LEIÐIR - SPOSOBY

- ✓ Félagsleg þjónusta verði ekki skert
Opieka społeczna nie zostanie zmniejszona
- ✓ Endurskoða fjölskyldustefnu Grundarfjarðarbæjar
Ponowny przegląd polityki rodzinnej w Grundarfjordur
- ✓ Standa vörð um heilbrigðisþjónustu
Ochrona opieki zdrowotnej
- ✓ Koma á framfæri jákvæðum fréttum frá Grundarfirði
Przekazywać pozytywne wiadomości z Grundarfjordur
- ✓ Stuðningur við starf aldraða
Wsparcie pracy dla osób starszych
- ✓ Móttökulykill fyrir nýja íbúa Grundarfjarðar
Książeczka informacyjna dla nowych mieszkańców Grundarfjordur
- ✓ Heilsueflandi sveitarfélag
Motywacja do zdrowego środowiska

Menntun - Edukacja

- ❖ Endurskoða skólastefnu - *Ponowny przegląd polityki szkolnej*
- ❖ Skóli fyrir alla - *Szkoła dla wszystkich*
- ❖ Samvinna - *Współpraca*

LEIÐIR - SPOSOBY

- ✓ Skólunum gert kleift að koma til móts við ólíkar þarfir
Umożliwimy szkole sprostać różnym potrzebom
- ✓ Námsver fyrir fólk í framhaldsnámi
Warsztaty edukacji dla maturzystów
- ✓ Styðja við áframhaldandi gott samstarf milli skólastiga
Wspieranie dobrej współpracy między poziomami wykształcenia
- ✓ Bærinn standi vörð um starfsemi FSN
Miasto będzie wspierało FSN
- ✓ Styðjum við nýsköpun í skólastarfi
Wspieranie innowacji w szkole

Mennt er máttur - Wiedza to potęga

Tómstundir - Hobby

- ❖ Frumkvæði - *Inicjatywa*
- ❖ Fjölbreytni - *Różnorodność*
- ❖ Stuðningur - *Wsparcie*



LEIÐIR - SPOSOBY

- ✓ Húsnæði í eigu bæjarins verði aðgengilegt þeim sem vilja eiga frumkvæði að félagsstarfi í byggðarlaginu

Mieszkania należące do miasta będą dostępne dla osób, które chcą wziąć udział w pracy społecznej

- ✓ Aðstaða á leik- og útivistarsvæðum verði bætt

Tereny rekreacyjne zostaną odremontowane

- ✓ Gerðar verði endurbætur á aðkomu að íþróttahúsi og sundlaug

Zostaną odremontowane wejścia i parkingi do basenu i hali sportowej

- ✓ Vandað verði til viðhalds og umhirðu íþróttasvæða

Pielęgnacja i utrzymanie miejsc sportowych

- ✓ Styðja við samstarf í íþrótt- og æskulýðsmálum á Snæfellsnesi

Wspieranie współpracy sportu i młodzieży w Snæfellsnes

Umhverfi - Srodowisko

- ❖ Fallegur bær - *Piękne miasto*
- ❖ Gott fordæmi - *Dobry przykład*
- ❖ Sjálfbærni - *Zrównoważony rozwój*

LEIÐIR - SPOSOBY

- ✓ Áhersla á snyrtimennsku verði augin í bænum, með samstarfi, m.a. við íbúa, fyrirtæki, skóla og aðrar stofnanir
Nacisk na czystość zostanie zwiększony w mieście, przy współpracy z firmami, szkołami i innymi instytucjami
- ✓ Sveitarfélagið sýni gott fordæmi
Miasto pokazuje dobry przykład
- ✓ Frágangur, umhirða og eftirlit verði bætt
Wykończenie, opieka i nadzór zostaną ulepszone
- ✓ Við ákvarðanir í umhverfismálum ríki framsýni og vitund um sjálfbæra þróun
Podjęmowanie decyzji w zakresie stanu środowiska i świadomości zrównoważonego rozwoju
- ✓ Göngu- og hjólastígar
Chodniki i drogi dla rowerzystów

Sóknarfæri - *Mozliwości*

- ❖ Grundarfjarðarhöfn - *Port Grundarfjorður*
- ❖ Samvinna sveitarfélaga á Snæfellsnesi - *Współpraca gminy w Snæfellsnes*
- ❖ Ferðapjónusta - *Turystyka*

LEIÐIR - *SPOSOBY*

- ✓ Áframhaldandi vinna við stækkun hafnarinnar
Kontynuacja prac nad rozbudową portu
- ✓ Gera meira úr því sem við höfum
Zrobić więcej, z tego co mamy
- ✓ Auka þjónustu við ferðamenn
Zwiększyć usługi turystyczne
- ✓ Stefna að stofnun Stafrænnar smiðju (Fab Lab)
Dążymy do stworzenia i budowy warsztatu technologicznego (Fab Lab)



Samstaða listi fólksins – fyrir Grundarfjörð



Allir velkomnir í spjall við frambjóðendur á kosningaskrifstofu okkar í
Kommakoti, hún verður opin á eftirfarandi dögum:

7. maí kl. 20:00 – Stjórnýsla, fjármál og skipulags- og umhverfismál

9. maí kl. 20:00 – Pub quiz – Málefni ungmenna

12. og 13. maí – Kosningaskrifstofa opin frá kl. 15:00 til 17:00

18. maí – Kosningaskrifstofa opin frá kl. 18:00 til 20:00

19. maí – Kosningaskrifstofa opin frá kl. 16:00 til 18:00

21. maí – Fjölskyldudagur Samstöðu frá kl. 16:00 til 20:00

22., 23. og 24. maí – Kosningaskrifstofa opin frá kl. 18:00 til 22:00

25. maí – Kosningaskrifstofa opin frá kl. 17:00 til 22:00.

26. maí – Kosningadagur, kosningaskrifstofa opin frá kl. 10:00

Settu X við L - *Postaw X przy L*